

EÁ/EÁ

Reykjavík, 6. júní 2019

Reykjaneshöfn


Halldór Karl Hermannsson
Hafnarstjóri
Víkurbraut 11
230 Reykjanesbæ

Varðar: Möguleg tímabundin leiga á hluta athafnasvæðis að Berghólabraut 8 í Helguvík.

Fyrir hönd Sindraports hf. lýsir undirritaður yfir áhuga á að leigja tímabundið hluta athafnasvæðis að Berghólabraut 8 í Reykjanesbæ (áður Berghólabraut 21). Svæðið sem um ræðir er í dag lítil hluti af Berghólabraut 8 (158.773m² lóð) samkvæmt nýju deiliskipulagi. Um væri að ræða tímabundna leigu (t.d. eitt til tvö ár) ef svæðið reynist laust og semst um leiguverð.

Sindraport er reiðubúið að taka við svæðinu eins og það er í dag og leggja sig fram um að reka þar starfsemi sem væri til fyrirmyndar. Ennfremur mun slík starfsemi skapa auknar tekjur fyrir Reykjaneshöfn t.d. með útflutningi á unnu hráefni í gegnum höfnina í Helguvík.

Virðingarfyllst,



Einar Ásgeirsson
Framkvæmdastjóri
Sindraport hf.
Kt. 420589-1319